

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 483/2009

2010/EES/21/16

frá 9. júní 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 820/2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, ef þörf er á, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008 er mælt fyrir um slíkar ítarlegar ráðstafanir ⁽²⁾.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 820/2008, um takmarkanir á heimiludum vökva farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum í Bandalaginu, eru háðar endurskoðun í ljósi tækniþróunar, afleiðinga sem þetta getur haft á rekstur flugvalla og áhrifa á farþega.
- 3) Slík endurskoðun hefur sýnt að takmarkanir á heimiludum vökva farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum í

Bandalaginu, skapa vissa rekstrarerfiðleika á þessum flugvöllum og valda viðkomandi farþegum óþægindum.

- 4) Framkvæmdastjórnin hefur einkum sannreynt tilteknar flugverndarkröfur á flugvöllum í tilteknum þriðju löndum og talið þær fullnægjandi og þau lönd hafa hingað til starfað í góðri samvinnu við Bandalagið og aðildarríki þess. Á grundvelli þess hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að grípa til aðgerða til að greiða úr framangreindum vandamálum, ef um er að ræða farþega með vökva sem þeir hafa fengið á nefndum flugvöllum í þeim löndum.
- 5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 820/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum 1. fylgiskjals við reglugerð (EB) nr. 820/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio Tajani

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 145, 10.6.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 39.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 221, 19.8.2008, bls. 8.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við í 1. fylgiskjali:

„— Lýðveldið Suður-Kórea:

Seoul Incheon (ICN) flugvöllur

Pusan Gimhae (PUS) flugvöllur.“
